

Aðalfundur 3f félags um upplýsingatækni og menntun, fimmtudaginn 22. maí 2008. Fundurinn haldinn í stofu 415 í Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins (áður Iðnskólanum í Reykjavík).

Fundurinn hófst kl. 15.

Sólveig Friðriksdóttir formaður 3f setti fundinn og stakk upp á ritara og fundarstjóra sem voru samþykktir. Sólveig flutti síðan skýrslu formanns. Hún fór þar m.a. yfir þau verkefni sem félagið hefur unnið að undanfarið ár. Sjá skýrsluna í heild sinni hér að neðan.

Í framhaldi af skýrslu formanns var m.a. rætt um hvernig hægt væri að kynna félagið fyrir kennurum og fjölga félagsmönnum en þeir eru nú um 140 talsins. Þetta er mál sem ný stjórn mun skoða.

Fjóla Þorvaldsdóttir flutti skýrslu gjaldkera. Reikningar höfðu verið samþykktir af skoðunarmönnum félagsins. Fjóla bar upp þá tillögu að ekki yrði rukkuð félagsgjöld frekar en gert hefur verið undanfarin ár. Það var samþykkt.

Fundarstjóri bar upp þá tillögu að greiðslur til stjórnarmanna yrðu hækkaðar, um 10 þúsund til hvers stjórnarmanns þannig að heildargreiðsla, fyrir alla í stjórn verður 150 þúsund (í stað 100 þús.).

Dagný Birnisdóttir og Þorbjörg Garðarsdóttir sögðu sig úr stjórninni. Elín Jóna Traustadóttir kennari og ráðunautur í upplýsingatækni og Jóhann Geirsdóttir kennari í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti gáfu kost á sér. Þær voru kosnar, stjórnina skipa því:

Sólveig Friðriksdóttir
Fjóla Þorvaldsdóttir
Björn Sigurðsson
Elín Jóna Traustadóttir
Jóhanna Geirsdóttir

Kristján Kristjánsson og Þorbjörg Garðarsdóttir voru kosin skoðendur reikninga.

Bjargey Gígja Gísladóttir skólastjóri nýs Upplýsingatækniskóla kynnti skólann. Hann heyrir undir nýjan Tækniskóla sem varð til við sameiningu Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskólans. Umræður voru í framhaldi af kynningunni. M.a. var rætt um samvinnu 3f og skólans á sviði endurmenntunar kennara í upplýsingatækni.

Fundarstjóri: Þorbjörg Garðarsdóttir

Fundarritari: Björn Sigurðsson

Fundi slitið kl. 16:45